


## Klapparstígur 29, 101 Reykjavík. Tillaga um skilmálsbreytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir staðgreinireit 1.172.0, Brynjureit.

Í gildi er deiliskipulag samþykkt í Umhverfis- og skipulagsráði þann 14. Október 2015 og í Borgarráði 22. Október 2015. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. Nóvember 2015.



Uppdráttur sýnir gildandi deiliskipulag fyrir staðgreinireit 1.172.0 Hluti úr kort aðalskipulags 2010-2030

### Skipulagsleg staða samkvæmt aðalskipulagi:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er reiturinn á Miðborgarkjarna M1a. Á svæðinu gilda almennar miðborgarheimildir en þar má heimila veitingastaði í flokki I-III að skemmtistöðum undanskyldum. Í breytingunni felst að heimilað er að hafa veitingastað í flokki II á jarðhæð Klapparstígs 29.

### Gildandi deiliskipulag, Klapparstígur 29:

„Valdimar Poulsen lét byggja húsið árið 1928. Hönnuður er Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari. Húsið er steinsteypt þriggja hæða hús með risi. Kjallari er undir hluta hússins.

Poulsen starfrækti véla- og járnvöruverslun í húsinu fram yfir 1970. Í dag er Rakarastofan á Klapparstíg á jarðhæð og skrifstofur og íbúðir á efri hæðum. Ekki er gert ráð fyrir að heimila frekari uppbyggingu á lóð. Óbreytt ástand.“

### Breyting á kvöðum um starfsemi og skilmálum deiliskipulags:

„Valdimar Poulsen lét byggja húsið árið 1928. Hönnuður er Guðmundur H. Þorláksson byggingameistari. Húsið er steinsteypt þriggja hæða hús með risi. Kjallari er undir hluta hússins. Poulsen starfrækti véla- og járnvöruverslun í húsinu fram yfir 1970. **Heimilt er að opna veitingastað í flokki II á jarðhæð hússins. Starfsemin skal vera opin almenningi allan daginn a.m.k. frá hádegis. Ekki má byrgja fyrir glugga á húsnæðinu. Ytra byrði húss helst óbreytt.** Skrifstofur og íbúðir verða á efri hæðum. Ekki er gert ráð fyrir að heimila frekari uppbyggingu á lóðinni.

Að öðru leyti vísast í gildandi skipulagsskilmála.



### YRKI ARKITEKTAR

Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
Sími: +354 552 6629  
Kt: 560997-3109  
www.yrki.is  
yrki@yrki.is

Ásdís H. Agústsdóttir Arkitekt FAI  
Sólveig Berg Arkitekt FAI

Elin Mjöll Lárusdóttir

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í Borgarráði þann 7. sept. 2017.

Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2017 með athugasemdafresti til 7. ágúst 2017.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Eginn Atelvan